



Landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. apríl 2005
SP/hó

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, 726. mál, heilbrigðiseftirlit
Tilv: 2005040011

Vísað er í erindi landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 13. apríl sl. varðandi ofangreint frumvarp.

Frumvarpið felur í sér, annars vegar, að verið er að skilgreina það eftirlit með sláturhúsum og sláturafurðum sem gjaldskyld heilbrigðiseftirlit nær til, og hins vegar er lagt til að gjaldheimtan færist til yfirdýralæknis samkvæmt gjaldskrá, sem landbúnaðarráðherra staðfestir, í stað þess að nú er gjaldið ákveðið í lögum pr. kg kjöts, breytilegt eftir tegundum.

Skilgreiningu á verkefnum þeim, sem gjaldið á að standa undir er nú að finna í reglugerð nr. 708/1996, og er frumvarpið eins og reglugerðin að þessu leyti, nema hvað e-liður 1. greinar er nýr.


Stjórn Bændasamtaka Íslands telur, að d-liður frumvarpsins eigi ekki að vera kostaður af eftirlitsgjaldi. Um er að ræða þjálfun starfsfólks og endurmenntun. Hér er of langt seilst til að koma eðlilegum rekstrarkostnaði hins opinbera yfir á sláturhúsin.

Þá er í 1. grein frumvarpsins kveðið á um viðbótarsýni og prófanir, sem framleiðendur geta óskað eftir á vissum forsendum, og skulu þeir þá greiða sjálfir fyrir en þessar rannsóknir ekki kostaðar af eftirlitsgjaldinu.

Nú kann að háttá misjafnlega til um ástæður til slíkrar sýnatöku, en í dag mun algengasta ástæðan varða eftirlit með salmonellu í svínakjöti, og er nýlega genginn dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur sem skar úr um að slík sýnataka og rannsóknir skuli borin uppi af eftirlitssjóði. Það er skoðun stjórnar Bændasamtakanna, að þetta eftirlit sé svo mikilvægt greininni allri og þess eðlis að eðlilegt sé að það sé kostað af sameiginlegu eftirlitsgjaldi fremur en þeim einstaklingum sem fyrir verða hverju sinni. Þetta er og afstaða Svínaræktarfélags Íslands.

Núverandi fyrirkomulag gjaldtöku er vissulega stirt, en það hefur þann kost að það markar heilbrigðiseftirlitinu fjárhagsramma, sem það verður að halda sig við. Hættan við breytinguna samkvæmt frumvarpinu er sú, að það slakni á aðhaldinu og kostnaður þenjst út. Ákvæðið um "raunverulegan kostnað" eitt og sér veitir takmarkaða vörn að þessu leyti. Það er því nauðsynlegt, ef sú leið verður farin að ákveða gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá, að kveða skýrt á um aðferð við setningu gjaldskrár og skilyrði fyrir gjaldskrárbreytingum. Í frumvarpinu kemur t.d. ekki fram á hvaða grunni gjaldskrá verði byggð, hvort áfram verði miðað við kg kjöts eða hvort aðrar forsendur verði lagðar til grundvallar. Eðlilegt er að nota orðalag eins og "sannanlegan raunkostnað" og leggja landbúnaðarráðherra þá kvöð á herðar, að hann meti sjálfstætt hækkunartilefni hverju sinni sem fram á slíkt er farið.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson